

- GSK: ... veit ekki. Ég veit að ég keyrði hana í, einhvern tímann, ég man nú ekki hvenær það var einhvern tímann sem hún mátti ekki keyra bíl þegar að í einhverjum hluta sem hún fór, það hún mig um að keyra sig.
- JJ: Af þessu sama dómskjali, á blaðsíðum 1-2 í framburði Þorkels, að þá virðist ljóst að þú hafir mætt með Katrínu til rannsókna hjá Þorkeli 19. nóvember 2009.
- GSK: Já, af því Kata átti að hafa aðstandanda með sér og það mig um að mæta.
- JJ: En, hver, hver voru tildrög þess að hún fór í þær rannsóknir?
- GSK: Hún það um að, hún vildi fara í þannig rannsóknir sjálf.
- JJ: Ókei. Nú, í framburði Þorkels kom líka fram að þú hefðir þennan dag, 19. nóvember 2009, rætt við hjúkrunarfræðing á deild K2, sem mér skilst að sé Hlíf Guðmundsdóttir?
- GSK: Já.
- JJ: Og þú væntanlega fylltir út einhvern spurningalista, gafst henni upplýsingar um stöðu Katrínar?
- GSK: Já, ég sko, já já, ég bara gerði eins og ég var beðin um þarna. Ég man nú ekki nákvæmlega hvort ég fyllti eitthvað út eða, eða bara svaraði.
- JJ: Já. Manstu hverju þú svaraðir um, um þá hennar hagi og andlega heilsu, minni?
- GSK: Ég man það ekki nákvæmlega.
- JJ: Nei. Svaraðirðu einhvern tíma seinna í þessu rannsóknarferli einhverjum gátlistum, prófunarlistum, eitthvað slíkt?
- GSK: Ég hef náttúrulega farið með henni, alltaf, og það er vegna þess að Kata hefur beðið mig um að koma með sér, sem sinn aðstandanda.
- JJ: Já ég ...
- GSK: Hún skráði mig sem sinn aðstandanda.
- JJ: Ég er ekki að spyrja að því ...
- GSK: Nei.
- JJ: ...bara hvort þú hafir tekið, sko svarað fleiri gátlistum í tengslum við þessar rannsóknir?
- GSK: Bara alltaf þegar að ég fer með henni í þessi skipti sem við höfum farið til Þorkels þá svara ég því sem ég er spurð um.
- JJ: Já, og hvað í, í þessi skipti, hvað upplýstirðu þá um andlega stöðu og færni Katrínar, manstu það?

- GSK: Bara hvernig hún væri. Já, mér fannst hún bara vera hérna, ég, maður finnur fyrir að hún er farin að gleyma nýminni, en hún er algjörlega með alla rökhugsun og allt þannig í lagi.
- JJ: Og hæfi, fjármálahæfi, og hæfi til að ...?
- GSK: Já, já, ég, heldurðu ég myndi ekki ráð..., ráðfæra mig við hana um það ef að ég, ef að það væri ekki.
- JJ: Já. Þannig þú telur það hafi verið í finu lagi þarna þá og ...?
- GSK: Já, og tel að hún geti það enn.
- JJ: Greindir þú Hildi frá því haustið eða veturinn 2009 að Katrín hefði farið í þessa greiningu hjá Þorkeli?
- GSK: Ég fór, fór sérstaklega til þeirra í, í, það var 2010.
- JJ: Í apríl hugsanlega?
- GSK: Já, eitthvað svoleiðis þarna.
- JJ: Mhm.
- GSK: Og, og, hérna, og þá hérna vildi Hildur að ég opnaði alla reikninga fyrir sér, og ég sagði nei. Og það er það sem ég held að hafi komið þessu í gang. Af því ég sagði að hún yrði að tala við Kötunni um það.
- JJ: Já.
- GSK: Vegna þess að ef manni er trúað fyrir að sjá um eitthvað þá er maður ekki að, þá er maður að sjá um það, eins og hún, eins og ég sé Kata. Ég er ekki að láta Pétur og Pál og þó að hún sé systir mín. Það er Kata sem á þetta.
- JJ: Veistu af hverju, hver var ástæðan fyrir því að Katrín fór inn á dvalarheimilið í Borgarnesi í mars 2010?
- GSK: Já, hún, við fórum hérna til Hjördísar og, og hún bað mig um það, hún vildi sækja um á dvalarheimilinu, við höldum að það tæki tíma. Þetta var, ég man nú ekki hvort það var í 2010 eða 2009 um haustið. En hún bað um þá að fara hérna, í hérna, fá hvíldarinnlögn.
- JJ: Já.
- GSK: Ég, ég var að fara til, hérna Svíþjóðar með Soffiu dóttur minni, og, og Steinar ætlaði með okkur, hann var, átti að þarna að vera kominn á auðveldari hlutann. Hann, hún var að fara í próf. Og þegar að ég kom tilbaka frá Svíþjóð að þá var, hafði hún Kata, Kötunni verið boðið varanlegt pláss á, í dvalarrými.
- JJ: En veistu hver ástæðan er að hún vildi fara inn?

- GSK: Hún bara vill vera óháð og sjálfs síns herra. Og henni fannst hún geta verið það á, í, hún er í dvalarrými. Dvalarrými er allt annað en hjúkrunarrými.
- JJ: Nú, á dómskjali 13 í málinu sem er, eru gögn frá Ríkissaksóknara, að þar kemur skýrt fram, neðarlega á blaðsíðu 4, að Þorkell Elí öldrunarlæknir hafi í mars 2010, útskýrt fyrir þér og Katrínu þennan sjúkdóm og sagt að þetta er líklega byrjandi Alzheimer sjúkdómur.
- GSK: Já.
- JJ: Er þetta rétt sem hann segir þarna?
- GSK: Já, það hlýtur að vera, það stendur þarna.
- JJ: Já. Þannig að hann útskýrði fyrir þér í mars 2010 ...
- GSK: Já.
- JJ: ... að þetta væri líklega byrjandi ...
- GSK: Byrjandi hægt ...
- JJ: Hann sagði það ekki, hann sagði líklega byrjandi Alzheimer sjúkdómur?
- GSK: Já, og það er mjög mikill munur á byrjandi eða ...
- JJ: Já, ég spyr læknum að því á eftir. Áttir þú einhverja aðkomu að ritun beiðinnar um skipun ráðsmanns?
- GSK: Nei, okkur var bara ráðlagt þetta, af hérna, okkur Kötum saman, af, af hérna einum vini okkar sem að er, heitir Magnús Helgi Árnason og er lögfræðingur, og hefur sjálfur reynt af þessu, og að hérna ef að það er einhver svona sjúkdómur og þetta var þannig að við fórum til Stefáns, við, sýslumanns nokkrum sinnum, við Kata, og, og hérna, og þetta er þannig að í rauninni átti þessi ráðsmanns ..., hérna umsókn að vera í skúffunni. En við, af því við erum ekki, við vorum ekki að reyna neina, neitt svindl eða nokkurn hlut. Við, við hefðum, sjáum eftir að við hefðum átt að fá að geyma þetta bara hjá Magnúsi eða, eða einhverjum öðrum, eða bara geyma þetta sjálfar þangað til að, að hérna, ef að, þangað til og ef einhvern tímann á þessu þyrfti að halda.
- JJ: Veistu hver sló þessu inn í tölvu, þessa umsókn?
- SRJ: Er verið að leggja fyrir, vitna í dómskjal ...?
- GSK: Þetta er bara hérna, hef ekki hugmynd um, ég meina, ekki við.
- JJ: Það er ekki þið ...?
- GSK: Þetta var sko hjá hérna, við gerðum þetta hjá sýslumanni.
- AVM: Augnablik, hvaða skjal er, er ...?
- JJ: Þetta er dómskjal 14 í málinu. Þetta er umsókn um skipun ráðsmanns.